# AUGLÝSING

## um staðfestingu á uppdrætti af Hólmavíkurvegi frá Brú að Fjarðarhorni í Bæjarhreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 18. þ. m. staðfest uppdrátt af Hólmavíkurvegi frá Brú að Fjarðarhorni í Bæjarhreppi.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Bæjarhrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

*Félagsmálaráðuneytið, 18. ágúst 1980.*

F. h. r.
**Jón Sigurpálsson.**

***Lára Hafliðadóttir.***

Nr. 460. 18. júlí 1980.

# AUGLÝSING

## um umferð í Víkurkauptúni.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og eftir ósk hreppsnefndar Hvammshrepps, er Austurvegur gegnum Víkurkauptún aðalbraut. Bifreiðastóður eru bannaðar við vestanverðan Austurveg frá Víkurárbrú, að húsi nr. 8 við Austurveg. Bifreiðastöður við Víkurbraut í Víkurkauptúni, austan Leikskála, eru einnig bannaðar.

*Lögreglustjórinn í Vestur-Skaftafellssýslu, 18. júlí 1980.*

**Einar Oddsson.**